## Skýrsla og áritun stjórnenda

FVA býður upp á nám til stúdentprófs á þremur brautum auk afreksíþróttasviðs. Einnig er boðið upp á fjölbreytt nám til starfsréttinda, m.a. í húsasmíði, rafvirkjun, grunndeild rafeindavirkjunar, vélvirkjun, grunndeild bíliðngreina og á sjúkraliðabraut. Hægt er m.a. að stunda nám til stúdentrsprófs samhliða öllu starfsréttindanámi. Þeim sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í stúdentsnám eða starfsréttindanám býðst undirbúningsnám á framhaldsskólabraut.

Á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) var gerður stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2017 sem byggir á ákvæðum laganna. M.a. leiddi það til að varanlegir rekstrarfjármunir voru eignfærðir og orlof skuldfært. Þar sem breytingar þessar hafa mikil áhrif á liði í rekstrar- og efnahagsreikningum hefur reikningsskilaráð A-hluta ríkissjóðs ákveðið að samanburðartölur við fyrra ár séu ekki birtar. Samanburður er í efnahagsreikningi við stofnefnahagsreikning 1. janúar 2017 sem gerður var á grundvelli hinna breyttu reikningsskilareglna skv. LOF.

Á árinu 2017 var ársveltan kr. 730,2 milljónir og afkoma kr. 80,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 115,9 milljónir í árslok og eignir samtals nema kr. 182,6 milljónum.

Það er álit okkar að ársreikningur 2017 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbrautaskóla Vesturlands í samræmi við lög um opinber fjármál og ársreikningalög.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbrautaskóla Vesturlands fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Akranes, 18. september 2018,

Forstöðumaður

Ágústa E. Ingþórsd.

# Staðfestingarbréf stjórnenda ríkisaðila vegna ársreiknings 2017

Í tengslum við ársreikning fyrir árið 2017, þ.m.t. stofnefnahagsreikning 1.1 2017, staðfestum við undirritaðir stjórnendur

**02354 Fjölbrautaskóla Vesturlands**

eftirfarandi samkvæmt okkar bestu vitund og þekkingu:

1. Það er á ábyrgð stjórnenda að innleiða innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur ásamt því að vakta virkni þess. Ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem vera skal.

2. Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald stofnunarinnar. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða í viðskiptum stofnunarinnar.

3. Að útgjöld stofnunarinnar og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga eða annarra laga sem gilda um rekstur stofnunarinnar.

4. Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

5. Allar eignir stofnunarinnar koma fram í efnahagsreikningi, þmt eignaskrá. Stofnunin hefur fullnægjandi eignarheimildir fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá og hvíla engar kvaðir eða veðsetningar á þeim aðrar en þær sem upplýst hefur verið um.

6. Áætlun okkar um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði eins og það kemur fram í eignaskrá raunhæft.

6. Við teljum að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum séu viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

7. Við höfum skráð eða skýrt frá öllum skuldum stofnunarinnar í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, og greint frá öllum ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila.

8. Upplýsingar hafa verið veittar um alla skuldbindandi samninga stofnunarinnar.

9. Upplýsingar hafa verið veittar um allar skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

10. Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðu stofnunarinnar í lok árs 2017.

11. Staðfesting þessi hefur verið kynnt stjórn stofnunarinnar, án athugasemda [ef stjórn er skipuð].

Ágústa E. Ingþórsd.

**Forstöðumaður**

# Fjölbrautaskóli Vesturlands

02-354

# Ársreikningur 2017

## Efnisyfirlit

Bls.

Áritun ríkisendurskoðanda .......... 2
Skýrsla og áritun stjórnenda .......... 4
Yfirlit um afkomu ársins .......... 5
Efnahagsreikningur .......... 6
Sjóðstreymisyfirlit .......... 7
Skýringar .......... 8

**Fjölbrautaskóli Vesturlands**
**kt. 681178-0239**
**Vogabraut 5, 300 Akranes**

# Yfirlit um afkomu ársins 2017

| | Skýr | 2017 |
|---|---|---|
| **Tekjur samtals** | | |
| Framlög ríkissjóðs | 3 | 673.329.995 |
| Seld þjónusta | 4 | 11.116.837 |
| Vörusala | | 13.618.899 |
| Aðrar tekjur | 5 | 27.398.653 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 3 | 4.711.082 |
| **Tekjur samtals** | | 730.175.466 |
| **Gjöld** | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 501.058.234 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 144.762.557 |
| Afskriftir | 8 | 4.711.082 |
| **Gjöld samtals** | | 650.531.873 |
| **Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði** | | 79.643.593 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 642.500 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | | (51.820) |
| | | 590.680 |
| **Afkoma ársins** | | 80.234.273 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýr | 31.12.2017 | Stofnefnahags-reikningur 1.1.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 9 | | |
| Áhöld og búnaður | | 33.714.884 | 19.184.202 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 33.714.884 | 19.184.202 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 396.511 | 2.047.713 |
| Tengdir aðilar | 10 | 112.252.842 | 11.094.871 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 1.652.368 | 0 |
| Handbært fé | 11 | 34.552.989 | 40.196.569 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 148.854.710 | 53.339.153 |
| **Eignir samtals** | | 182.569.594 | 72.523.355 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hrein eign | | 115.902.281 | 9.638.399 |
| **Eigið fé samtals** | | 115.902.281 | 9.638.399 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | | 29.821 | 176.646 |
| Viðskiptaskuldir | | 10.016.440 | 17.494.499 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 13 | 22.906.168 | 26.029.609 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda | 14 | 33.714.884 | 19.184.202 |
| **Skuldir samtals** | | 66.667.313 | 62.884.956 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 182.569.594 | 72.523.355 |

**Aðrar upplýsingar** 15

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017

| | Skýr | 2017 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | |
| Afkoma ársins | | 80.234.273 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | |
| Afskriftir | 8 | 4.711.082 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (4.711.082) |
| | | 80.234.273 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur | | (1.166) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | |
| Skammtímaskuldir | | (10.601.500) |
| | | (10.602.666) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 69.631.607 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 9 | (19.241.764) |
| | | (19.241.764) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Tengdir aðilar | | (75.275.187) |
| Fjárfestingaframlag | | 19.241.764 |
| | | (56.033.423) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (5.643.580) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 40.196.569 |
| **Handbært fé í árslok** | | 34.552.989 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits*

## Skýringar

### 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Stofnefnahagssreikningur er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkisins að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS, (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996, eftir því sem við á. Gerð er hér grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Breytingum frá fyrri reikningsskilaaðferðum voru gerðar í Stofnefnahagsreikning 1/1 2017 og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum og skuldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði staðals IPSAS 33, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Nokkur breyting verður á reikningsskilaaðferðum frá þeim sem giltu fyrir árið 2016. Reikningsskil skulu hér eftir alfarið vera á rekstrargrunni. Helstu breytingar að því er stofnefnahagsreikninginn og reikningsskil ársins 2017 varðar eru eignfærsla og afskrift varanlegra rekstrarfjármuna og eign- og skuldfærsla fyrirfram- og eftirágreidds kostnaðar.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru eignfærðir í efnahagsreikningi og afskrifaðir á áætluðum notkunartíma. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem keyptir voru fyrir 1.1 2017, eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum frá upphafsdegi notkunar til ársloka 2016. Varanlegir rekstrarfjármunir voru áður gjaldfærðir sem stofnkostnaður í rekstrarreikningi

Skuldbinding vegna orlofsréttar starfsmanna í árslok 2016, áfallin og gjaldfallin, er færð til skuldar í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 og yfir eigið fé. Áður var þessi skuldbinding ekki bókuð á tímabil, en gjaldfærsla átti sér stað á árinu eftir eða síðar við úttekt orlofsréttarins. Við gerð ársreiknings er áætlað mótframlag ríkissjóðs á móti orlofsskuldbindingu 1/1 2017 og er sú áætlun færð yfir eigið fé.

Fjárheimildir vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum og ætlað er að mæta kostnaði á síðari tímabilum eru skuldfærðar sem frestaðar tekjur, en ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar, með framlögum. Við innfærslu varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestinga.

Ónotuð fjárfestinarheimild í árslok 2016 er í stofnefnahagsreikningi færð sem frestaðar tekjur og nýtist á móti fjárfestingum ársins 2017.

### 1.2 Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárheimildir til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga eru færða til að mæta þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifsta, úreldingar eða sölutaps.

### 1.2 Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

# Skýringar

## 1.3 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Aðrar óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru síðar færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartíma tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna eru færður í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingaheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í yfirlit um afkomu.

## 1.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum til ársloka 2016, eins og stofnunin hafi beitt ákvæðum ársreikningalaga um eignfærslu og afskriftir frá því kaup áttu sér stað. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð í upphafi á gangvirði til tekna í yfirliti um afkomu, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunatíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:
Áhöld og búnaður ........................................................................................................................ 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingaheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## 1.5 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## 1.5 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## 1.6 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru aðrir ríkisaðilar í A-hluta.

# Skýringar

## 2 Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

| **3 Framlög ríkissjóðs** | **2017** |
|---|---|
| Fjárheimildir ársins | 692.571.759 |
| Fjárheimild flokkuð sem fjárfestingarheimild | (19.241.764) |
| Framlög ríkissjóðs | 673.329.995 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 4.711.082 |
| | 678.041.077 |

**4 Seld þjónusta**

| | |
|---|---|
| Verksala | 3.698.968 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 7.417.869 |
| | 11.116.837 |

**5 Aðrar tekjur**

| | |
|---|---|
| Leigutekjur | 14.890.497 |
| Sala á vöru og þjónustu | 6.600.000 |
| Kostnaðarhlutdeild | 255.483 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 5.302.673 |
| Ýmsar tekjur | 350.000 |
| | 27.398.653 |

**6 Laun og launatengd gjöld**

| | |
|---|---|
| Dagvinnulaun | 341.384.217 |
| Vaktaálagsgreiðslur | 1.934.521 |
| Aukagreiðslur | 5.344.687 |
| Yfirvinna | 58.992.511 |
| Orlof breyting | (4.034.417) |
| Launatengd gjöld | 97.080.718 |
| Starfsmannakostnaður | 355.997 |
| | 501.058.234 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 55 |

## Skýringar

| | 2017 |
|---|---|
| **7 Annar kostnaður** | |
| *Vörukaup* | |
| Bækur, ritföng, filmur o.þ.h. vörur | 3.414.455 |
| Byggingarvörur, almennar | 42.068 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 48.339 |
| Ýmis tæki og áhöld (ekki eignfærð) | 2.743.300 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 25.324 |
| Orkugjafar | 8.695.194 |
| Matvæli o.fl. | 3.254.609 |
| Almennar rekstrarvörur | 1.168.243 |
| Vörukaup, almenn | 19.391.532 |
| *Vörukaup sérgreind* | |
| Kennslu- og föndurvörur o.fl. | 12.067.593 |
| Fundir, námskeið, risna | 342.520 |
| Ferðir, uppihald | 465.284 |
| Akstur | 1.977.652 |
| Sérfræðiþjónusta | 15.339.194 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 382.737 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 776.705 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 1.583.147 |
| | 20.867.239 |
| Samningsbundin kaup og leiga | 642.076 |
| Afnotagjöld | 2.808.336 |
| Leigugjöld | 78.144.464 |
| Notkun véla og flutningatækja | 64.886 |
| Verkkaup | 8.321.179 |
| Kostnaðarhlutdeild | 809.850 |
| Opinber gjöld | 0 |
| Tapaðar kröfur | 1.645.402 |
| Þjónusta II, bætur, tryggingar og opinber gjöld | 92.436.193 |
| Annar kostnaður samtals | 144.762.557 |

**8 Afskriftir**

| | |
|---|---|
| Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. | 4.514.037 |
| Rannsóknatæki | 129.332 |
| Afskriftir | 4.711.082 |

## Skýringar

| 9 Varanlegir rekstrarfjármunir | 31.12.2017 | 1.1.2017 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld og búnaður | 31.275.802 | 17.901.659 |
| Rannsóknartæki | 1.153.211 | 1.282.543 |
| | 33.714.884 | 19.184.202 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í ársbyrjun 2017:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1/1 2017 | 23.183.277 | 0 | 23.183.277 |
| Viðbætur á árinu | 17.888.180 | 1.353.584 | 19.241.764 |
| | 41.071.457 | 1.353.584 | 42.425.041 |
| Afskriftir 1/1 2017 | 3.999.075 | 0 | 3.999.075 |
| Afskrift ársins | 4.643.369 | 67.713 | 4.711.082 |
| | 8.642.444 | 67.713 | 8.710.157 |
| Staða 31.12.2017 | 32.429.013 | 1.285.871 | 33.714.884 |

**10 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningar við ríkissjóð | 86.223.233 | 9.306.738 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta | 0 | 1.788.133 |
| Áætluð leiðrétting vegna orlofs skv. Stofnefnahagsreikningi 1/1 2017 | 26.029.609 | 0 |
| | 112.252.842 | 11.094.871 |

**11 Handbært fé**

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðir | 13.037 | 21.609 |
| Tékkareikningar | 1.883.924 | 40.174.960 |
| Sparisjóðsreikningar | 32.656.028 | 0 |
| | 34.552.989 | 40.196.569 |

**12 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | Hrein eign |
|---|---|
| Jöfnuður 1.1. 2017 | 9.638.399 |
| Áætlað framlag vegna orlofs skv. Stofnefnahagsreikningi 1/1 2017 | 26.029.609 |
| Afkoma ársins | 80.234.273 |
| Jöfnuður 31.12.2017 | 115.902.281 |

Orlofsskuldbinding að fjárhæð kr. 26 milljónir var færð yfir höfuðstól í stofnefnahagsreikningi. Áætlað framlag á móti henni er fært yfir eigið fé skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ekki liggur fyrir samþykkt Alþingis á framlaginu.

## Skýringar

### 13 Ýmsar skammtímaskuldir

| | 31.12.2017 | 1.1.2017 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 21.995.192 | 26.029.609 |
| Ógreidd laun | 910.976 | 0 |
| | 22.906.168 | 26.029.609 |

### 14 Frestaðar tekjur

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

| | | |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingaheimilda | 33.714.884 | 19.184.202 |
| | 33.714.884 | 19.184.202 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-heimildir | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2017 | 19.184.202 | 0 | 19.184.202 |
| Rekstrarfjárheimild flutt á fjárfestingaheimild ársins | | 19.241.764 | 19.241.764 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 19.241.764 | (19.241.764) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (4.711.082) | 0 | (4.711.082) |
| | 33.714.884 | 0 | 33.714.884 |

Af frestuðum fjárheimildum munu kr. 7,3 millj. koma til tekna á árinu 2018.

### 15 Aðrar upplýsingar

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði um óákveðinn tíma og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til loka árs 2017. Árlegar greiðslur vegna hugbúnaðarsamninga eru um 4 milljónir og húsaleigu á skólahúsnæði og heimavistarhúsnæði eru um 88 milljónir.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar hvíla á eignum stofnunarinnar þann 31.12.2017.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í neinar ábyrgðir vegna þriðja aðila

*Óafturkallanleg loforð*
Stofnunin hefur gert samning við EIH ehf. um leigu á heimavistarhúsnæði sumarið 2018